

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Grímsár á Fljótsdalshéraði neðan virkjunar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Grímsár neðan virkjunar. Heimili þess og varnarþing er hið sama og formanns félagsins.

2. gr.

Félagið er deild í Veiðifélagi Lagarfljóts og starfar samkvæmt samþykktum þess og lögum um lax- og silungsveiði.

3. gr.

Veiðisvæði félagsins er Grímsá neðan virkjunar ásamt Lagarfljóti fyrir landi eftirtalinna jarða: Ketilsstaðir, Kaldá, Eyjólfssstaðir, Úlfsstaðir, Tunguhagi, Ásgarður, Arnkelsgerði, Grófargerði, Lundur, Hvammur, Vallanes, Jaðar. Hverri jörð fylgir eitt atkvæði og fer ábúandi (umráðamaður) með það. Heimilt er að framselja atkvæðisréttinn með umboði.

4. gr.

Verkefni félagsins er að stuðla að og viðhalsa góðri fiskgengd á svæðinu og ráðstafa veiðirétti eftir því sem aðalfundur samþykkir í samræmi við lög um lax- og silungsveiði.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn kosnir á aðalfundi. Kjörtímabil þeirra skal vera tvö ár, þó þannig að fyrsta kjörtímabil formanns er eitt ár, en annarra stjórnarmanna tvö ár. Síðan rennur kjörtímabil formanns út annað hvert ár og annarra stjórnarmanna hitt árið. Kjósa skal 1 varamann samtímis formannskjöri. Kjósa skal skoðunarmann reikninga annað hvert ár samtímis formannskjöri.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allan rekstur félagsins á milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með rekstri þess. Stjórnin annast rekstur veiðisvæðisins eða útleigu eftir því sem aðalfundur ákveður. Hún gerir tillögu að arðskrá og leggur fyrir aðalfund.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnrædis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundi. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin. Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í féluginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

8. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 15. maí ár hvert. Hann skal boðaður bréflega með minnst 10 daga fyrirvara. Á aðalfundi gerir stjórnin grein fyrir rekstri félagsins á liðnu ári og leggur fram til-lögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar skal leggja fram reikninga félagsins áritaða af skoðunarmanni. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Arðskrá og samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og þarf til þess atkvæði 2/3 félagsmanna. Sama gildir um ráðstöfun veiðiréttar. Náist ekki sú mæting skal boðað til framhaldsfundar og er hann lögmætur hvort sem fleiri eða færri mæta. Ofangreindra atriða skal getið í fundarboði ef fyrrhuguð eru.

Nr. 954

29. október 2012

9. gr.

Stjórnin skal halda gerðabók. Þar skal skrá samþykktir félagsins, arðskrá og fundargerðir. Einnig skal skrá þar helstu niðurstöður úr ársreikningi á hverjum aðalfundi.

10. gr.

Arði af rekstri veiðisvæðisins skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

11. gr.

Stjórnin skal sjá til þess að öll veiði verði skilmerkilega skráð og skráningargögnum (veiðibókum) haldið til haga og þau varðveitt.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fiskistofu, 29. október 2012.

Árni Ísaksson,
forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs.

B-deild – Útgáfud.: 12. nóvember 2012